

18. desember 2024.

Mál nr. 4/2024

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ.

Grétar Skúli Gunnarsson

gegn

Kraftlyftingasambandi Íslands

Með bréfi dagsettu 7. október 2024 krafðist áfrýjandi Grétar Skúli Gunnarsson að úrskurður dómstóls ÍSÍ kveðinn upp sama dag, þar sem staðfest var óhlutgengi áfrýjanda en tímalengd óhlutgengis stýtt úr tólf mánuðum í átta, yrði felldur úr gildi. Mál þetta var dómtekið 10. desember 2024 eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Með úrskurði stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands 15. ágúst 2024 var áfrýjandi úrskurðaður óhlutgengur í 12 mánuði frá dagsetningu úrskurðar að telja. Var áfrýjandi talinn hafa sýnt af sér alvarlega og óíþróttamannslega framkomu á bikarmóti sambandsins 22. október 2023, sem nánar er rakin í úrskurði dómstóls ÍSÍ frá 7. október sl.

Í áfrýjun krefst áfrýjandi þess að úrskurður í máli dómstóls ÍSÍ nr. 6/2024 verði felldur niður og gerður ógildur. Í greinargerð er gerð sú krafa að úrskurður Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) verði felldur niður og gerður ógildur. Ekki þykir ástæða til þess að vísa málinu frá af þessum sökum. Telja verður að nægjanlega skýrt hafi komið fram að áfrýjandi freistar þess að fá hnekkð óhlutgengi sínu sem staðfest var með úrskurði dómstóls ÍSÍ í máli nr. 6/2024 að öðru leyti en því að bannið var stýtt úr tólf mánuðum í átta mánuði.

Samkvæmt ákvæði 37.1 í lögum ÍSÍ heyra öll brot á lögum sérsambanda, héraðssambanda/íþróttabandalaga og félaga samkvæmt þeim lögum og reglum er um það gilda undir dómstóla ÍSÍ. Auk þess brot á móta- og leikreglum sbr. d-liður 1. tölul. um ósæmilega framkomu, c-lið 2. tölul. um að ögra eða hafa í hótunum og a-liðar 4 töluliðs um að valda íþróttahreyfingunni álitshnekki. Í 5. gr. reglugerðar KRAFT er með sama hætti vísað til þess að forðast hvaðeina sem geti rýrt álit almennings á íþróttinni. Í viðbragðsáætlun ÍSÍ kemur fram að ofbeldi verði ekki liðið í íþrótta- og æskulýðsstarfi og rakið mikilvægi þess að öllum eigi að geta liðið vel og gengið að því vísu að umhverfi sé öruggt og markvisst sé unnið að því að tryggja að svo sé.

Ekki verða gerðar sömu sönnunarkröfur vegna agamála innan íþróttahreyfingarinnar eins og í sakamálum fyrir almennum dómstólum vegna hegningarlagabrota. Hins vegar verður að gera þær kröfur til aðildarfélaga að þau rannsaki mál með hlutlægum hætti, ekki síst þegar um er að ræða íþyngjandi viðurlög eins og óhlutgengi frá þátttöku til lengri tíma. Í því felst m.a. að ákvarðanir séu byggðar á ýtarlegum rannsóknum og gögnum, þ.m.t. framburði umsjónaraðila viðkomandi íþróttaviðburða einkum mótshaldara og dómara. Þá getur framburður vitna skipt máli og önnur sönnunargögn sem málið varða. Hlutverk dómstóla ÍSÍ er fyrst og fremst að fara yfir hvort


rannsókn hafi farið fram með þeim hætti sem gera verður kröfur til og hvort viðurlögin eru innan eðlilegra marka.

Eins og rakið er í úrskurði dómstóls ÍSÍ í máli nr. 6/2024 liggja fyrir frásagnir vitna og gögn sem stjórn KRAFT aflaði áður en ákvörðun var tekin um óhlutgengni áfrýjanda. Verður ekki fallist á að rannsóknin hafi verið óeðlileg eða ósanngjörn í garð áfrýjanda. Þá verður ekki fallist á að stjórn sérsambandsins hafi verið vanhæf til þess að fjalla um málefni áfrýjanda, auk þess sem ekki verður séð að áfrýjandi hafi gert athugasemdir við hæfi þeirra á meðan málið var þar til meðferðar. Verður því staðfest sú niðurstaða dómstóls ÍSÍ að málatilbúnaður KRAFT hafi byggst á nægilega skýrum atvikum og gögnum svo grundvöllur hafi verið til að beita viðurlögum.

Að því er varðar tímalengd óhlutgengis þá var hún alfarið byggð á mati stjórnar sérsambandsins (KRAFT) enda ekki við neinar skriflegar reglur að styðjast við þá ákvörðun. Við mat á því hvort ákvörðun viðurlaga sé innan eðlilegra marka verður ávallt að að gefa einstökum aðildarfélögum ákveðið svigrúm til þess að ákvarða viðurlög innan þeirra heimilda sem þau hafa á grundvelli lögbundinna viðmiða. Eftir því sem viðurlögin eru þyngri aukast þó líkur á því að dómstólar ÍSÍ geri athugasemdir við tímalengd þeirra og eftir atvikum breyti þeim, einkum ef tímalengd þeirra styðst ekki við skráðar reglur. Með vísan til þessa og að öðru leyti til forsendna úrskurðar dómstóls ÍSÍ frá 7. október sl. í máli nr 6/2024 verður niðurstaða hans staðfest.

Dómur

Staðfestur er úrskurður um óhlutgengni áfrýjanda og að tímalengd óhlutgengis verði átta mánuðir frá 15. ágúst 2024 að telja.


Jónína Árnadóttir


Selga Melkorka Ottarsdóttir